

Part 13 - Afstöðumynd
mkv: 1 : 500

BYGGINGARLÝSING:
Viðlagafjara 1, Vestmannaeyjum.
Laxeldisker og þjónustubygging í mhl. 08
Lóðin er 99.330,5 m², nhl. 0,05

Byggð verða fjögur fiskeldisker í matshluta 08 (ker nr. 9,10,11,12) með þjónustubyggingu þeirra á milli. Byggingin er í notkunarflokki 1 og í umfangsflokki 2.

Efnisgæði:
Allt byggingarefni sem notað er við uppbyggingu matshlutans er vottað með CE – merkingu og eftir atvikum vottað af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, eða sambærilegt.

Burðarvirki:
Undirstöður eru staðsteyptar, járnbentar og grundaðar á þjappaða fyllingu. Botnplata er úr járnbentri staðsteyptri steinsteypu. Útveggir, berandi milliveggir og milliplötur eru steinsteypt. Þak er borið uppi af stál- og límtrésbitum og koma 129 mm stálklæddar einingar, fylltar með steinullareinangrun, ofan á burðargrindina. Tankar eru úr forsteyptum einingum, veggir og þak.

Svignun burðarvirkja:
Byggingin flokkast í svignunarflokk C og eru hámarksformbreytingar samkvæmt því.

Klæðningar:
Útveggir eru staðsteyptir veggir, yfirborðið er með sléttri áferð og steingrá á litinn.

Innihurðir:
Innihurðir eru timburhurðir (ál/tré) með þeim bruna- og hljóðkröfum sem hver og ein þarf að uppfylla.

Einangrun:
Útveggir eru einangraðir með 4" einangrun. Eldisker eru ekki einangruð.

Gluggar og hurðir:
Vegið meðaltal U-gildis hurða er 2.63 W/m2k. Hámarksgildi samkvæmt byggingarreglugerð er 3.0 W/m2k.
Vegið meðaltal U-gildis útveggja að teknu tillite til glugga og hurða er 0.33 W/m²k. Hámarsgildi samkvæmt byggingarreglugerð er 0.85 W/m²k.
Heildarleiðnitap er 1,44 W/m2k, miðað við gólfflatarmál.

Kólnunartölur:

Byggingarhluti	*Útreiknað í W/m²K*	*Bygg.reglug. í W/m²K*
Þak	0,30	0,20
Steinsteyptur útveggur	0,31	0,40
Gluggar	1,81	2,00
Útihurðir	2,63	3,00
Gólf á fyllingu	0,29	0,30

Lagnir og loftræsing:

Fráveita:
Fráveita tengist við fráveitukerfi lóðarinnar, eða eftir atvikum sveitarfélagsins. Lagt er tvöfalt kerfi, annars vegar fyrir skólplagnir og hins vegar fyrir fráveitu frá eldistönkum.

Vatnslagnir:
Húsið tengist vatnsveitu á lóðinni og eftir atvikum sveitarfélagsins og er vatnsinntak í tæknirými. Lagnaleiðir eru upp við loft, á veggjum og í lagnastokk.

Hitakerfi:
Hitaveita er á svæðinu og inntak í tæknirými. Upphitun er með ofnalögnum ásamt hitablásurum.

Neysluvatn:
Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskipti þannig að hámarkshitastig vatns fari ekki yfir 60 °C. Neysluvatnslagnir eru lagðar eftir lofti, í gólfi og á milliveggjum.

Raflagnir:
Heimtaugar lág- og smáspennu eru í tæknirými. Þar verður aðaltafla ásamt tengiskáp ljósleiðara. Orkumælir er í aðaltöflu. Rafbúnaður verður hefðbundin og raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum og lofti.

Sorphirða:
Sorphirða hússins fer eftir reglugerð sveitarfélagsins þar um.

Loftræsing:
Loftræsing er vélræn eftir því sem við á.

Stærðir og nýtingarhlutfall:
Lóðarstærð er 99.330,5 m2 og nýtingarhlutfall matshlutans er 0,05.
Allar stærðir koma fram í skráningartöflu sem er fylgiskjal aðaluppdrátta.

	Brúttóflötur	*Brúttórúmmál*	*Birt flatarmál*
Botn		762.7 m³	
1. hæð	3.813,4 m²	43.241,8 m³	3.441,9 m²
2. hæð	1.027.2 m²	5.109,6 m³	1.022,5 m²
Samtals	4.840.6 m²	49.114,1 m³	4.464,4 m²

Stærðir og nýtingarhlutfall:
Lóðarstærð er 99.330,5 m2 og nýtingarhlutfall matshlutans er 0,05.
Allar stærðir koma fram í skráningartöflu sem er fylgiskjal aðaluppdrátta.

Brunarvarnarlýsing:
Brunarvarnarlýsing á við fjögur laxeldisker og tveggja hæða þjónustubyggingnu á milli þeirra. Viðlagafjara 1, Vestmannaeyjum og eru lausir almennt samkvæmt forskriftarákvæðum í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með seinni tíma breytingum. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu, utan almennrar brunahönnunar fyrir áfanga 1 af laxeldisstöðinni.

Flokkun byggingarinnar og notkun:
Byggingin er tvær hæðir í notkunarflokki 1. Byggingin er fjögur laxeldisker með þjónustubyggingu á milli þeirra með viðeigandi tæknibúnaði ásamt fylgihlutum þeirra vegan starfseminnar á lóðinni.

Brunahólfun:

Meginbrunahólf:
Húsið er eitt megin brunahólf með EI90 veggjum og lofti, spennarými er EI90 brunahólf.

Burðarvirki:
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er REI90, brunamótstaða spennarýmis er REI90.
Brunamótsstaða burðavirkis þaks er að minnsta kosti REI60.

Klæðningar:
Utanhússklæðningar eru í flokki 1. Innveggir eru í flokki 1. Innveggir eru steinsteyptir og verða eftir atvikunm málaðir. Klæðningar verða samkvæmt ÍST EN 13501. Innanhússklæðningará veggi og loft verða í flokki 1, $K_2$10B-s1, d0. Gólfefni er óbrennanlegt og uppfylla skilyrði flokks $A1_{fl}$ sbr. ÍST EN 135001. Þakklæðning er í flokki B(roof)(t2).

Flóttaleiðir:
Flóttaleiðir frá rýmum eru út um hurðir.

Brunaviðvörunarkerfi:
Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi verður í byggingunni, samkvæmt ÍST EN 54 og reglum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
Brunaviðvörunarkerfið verður með hitavír eða öðrum skynjunarbúnaði sem hentar starfseminni, Reykskynjarar eru samtengdir og er miðað við að lágmark 1 reykskynjari komi í hvert notkunarrými.

Reyklosun:
Ekki er um sérstakar reyklosunarlúgur en reyklosun verður út um opnanlegar hurðir.

Sprengilúga:
Til að taka við sprengiþrýstingi vegna spennis er op í útvegg spennarýmis sem losar um þrýsting sem kann að myndast við sprengingu í spenni. Opið er lokað með efni sem er að styrkleika um 20% af styrkleika veggjarins.

Brunaslöngur/slökkvitæki:
Handslökkvitæki verða sett upp við innganga í rými. Slökkvitækin skulu endanlega valin og staðsett í samráði við viðurkenndan aðila. Slöngukeflin eru 30m eða a.m.k 9m. kastlengd, staðsetning er samkvæmt grunnmynd og skulu þau sett upp af viðurkenndum aðila.
Slöngukeflin og slökkvitækin skulu merkt á áberandi hátt með til þess gerðum merkjum af viðeigandi gerð og stærð.

Út- og neyðarlýsing:
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í húsinu skv. Byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum, eftir því sem við á. Á flóttaleiðum og við öryggisbúnað brunavarna, þ.e, slönguhjól, handslökkvitæki og handboð, er sett upp viðeigandi neyðarlýsing.

Loftræsikerfi:
Verði loftræsikerfi sett upp verður það hannað þannig að það rýri ekki brunahólfun byggingarinnar erða stuðli að útbreiðslu reyks við bruna.

Bil milli húsa:
Fjarlægð frá byggingunni að næsta mannvirki er innan krafna í byggingarreglugerð og er hætta á eldsútbreiðslu milli húsa lítil.

Aðkoma slökkviliðs og neyðarbíla:
Aðkoma slökkvibíla og neyðarbíla verður tryggð að byggingunni, fjarlægð frá slökkvistöð er um 3 km og er áætlað að viðbragðstími slökkviliðs sé um 10 mín.

Eftirlit og viðhald brunavarna:
Gerður verður þjónustusamningur við viðurkenndan aðila um eftirlit og viðhald á brunavarna byggingar.

Vestmannaeyjar
Rafrænt innsiglað af byggingarfulltrúa
Dags: 05.11.2025
Á ábyrgð hönnuðar

UNDIRRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR

ÚTG.	DAGS.	LÝSING	NAFN

1:100 0 1 2 3 4 5 m

TILVÍSUN

VBM
Bragi Magnússon
bm@ilfs.is

ÚTG. DAGS	HANNAÐ	MÆLIKVARÐI
23.06.2025	BM	1 : 500
YFIRFARIÐ	TEIKNAÐ	
BM	BM	

SAMÞYKKT:

Viðlagafjara 1
Part 13 og 14

VERKFANG 2415 TEIKNING A001

©Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda